



**“Lentir þú í árekstri”**

Láttu okkur þá laga bílinn.  
Frí Tjónaskoðun.



SJÓVÁ

vördur

TM

vis



FIMM STJÖRNU GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI



Auðbrekku 27. Kópavogi

554 2510

www.bilasprautun.is

# Oftar en ekki opið

BÚÐAKÓR Opið alla daga frá 08-24:00 HÓFGERÐI Opið: Virka daga 8-23:30, helgar 9-23:30.



Krambúðin

# KÓPAVOGS - PÓS T U R I N N -

06. tgl. 30. árg. Fimmtudagur 29. febrúar 2024. Kópavogspóstinum er dreift ókeypis inn á heimili í Kópavogi  
FRÉTTABLAÐ KÓPAVOGSBÚA FRÁ 1994 BÆJARBLAÐIÐ ÞITT! VEFSÍÐA: WWW.KGP.IS

**FASTEIGNASALAN**  
**TORG**

KRAFTUR  
TRAUST  
ÁRANGUR

Sigurður Gunnlaugsson  
löggiltur fasteignasali  
Sími 898 6106

**errea**

Bæjarlind 14-16  
www.errea.is

**MEKÓ**

MENNING  
Í KÓPAVOGI

**Reiknuð leiga  
1.596.699.895,- kr.**

vegna afnota íþróttafélaga af íþróttamannvirkjum

Á fundi íþróttaráðs Kópavogs í síðustu viku mætti deildarstjóri íþróttadeilda Kópavogs og lagði fram yfirlit íþróttadeilda yfir reiknaða leigu vegna afnota íþróttafélaga í Kópavogi af íþróttamannvirkjum bæjarins árið 2023, en hún er að upphæð 1.596.699.895,- kr. og skiptist hún eftirfarandi á íþróttafélögum.


Breiðablik 643.652.146,  
HK 616.930.520,  
Gerpla 271.647.912,  
Hvönn 8.659.452,  
Glöð 3.222.858,  
Stálúlfur 18.171.519,  
Ísbjörninn 11.290.047,  
Knattspyrnufélag Kópavogs 596.504,  
Knattspyrnufélagið Miðbær 495.466,  
Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar 9.093.156,  
Skotíþróttafélag Kópavogs 9.771.898 og  
Íþróttafélagið Ösp 3.168.419.

Yfirlitið er á grundvelli reglna íþróttaráðs um afnot af íþróttamannvirkjum frá 2015. Á móti reiknaðri leigu kemur styrkur frá íþróttaráði að

**KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?**

Verið velkomin með bílinn í skoðun á Dalveg 22

Frumherji



Reiknuð leiga GKG vegna afnota af íþróttamannvirkjum í Kópavogi er rétt rúmar 9 milljónir fyrir árið 2023

sömu fjárhæð til viðkomandi íþróttafélags, sem skal færa sem styrk á móti reiknaðri leigu í ársreikningum félöganna.

Engum dylst að íþróttafélögur í Kópavogi gegna mikilvægi hlutverki í bæjarfélaginu og margir bæjarbúar reiði sig á þá framúrskarandi þjónustu sem félögur bjóða upp á.

**Lyfjaval**  
HEILSA & HAMINGJA

**24/7**  
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals  
Hæðasmára

**10KR**  
AFSLÁTTUR  
MEÐ ORKULÝKLI\*

\*Afsláttur gildir ekki á völdum stöðuvum þar sem lægsta verð Orkunnar er í gildi.  
orkan.is

**HAFID**  
FISKVERSLEN  
- Gæðin skipta máli -  
Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

**ÄNGLAMARK-DAGAR**  
25% appsláttur af öllum Änglamark-vörum

29. febrúar–10. mars

**nettō**



**30%**  
AFSLÁTTUR  
MEÐ VILDARKORTI  
LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



**LIND**  
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flügger: 30% afsláttur af allri innmálinu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum boroplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingu. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsamíðjan: 30% afsláttur af hreinlæstækjum og ljósum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsölu.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

# Hlaupárssíðdegi í menningarhúsunum

- segir Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri í Kópavogi

Opið verður í menningarhúsunum  
í Kópavogi, fimmtudaginn  
29. febrúar fram eftir kvöldi og  
fjölbreytt dagskrá í boði.

Dagskráin hefst með fjörgum síðdegis-tónleikum í fordyri Salarins, klukkan 17, en þar munu tveir frábærir tónlistarmenn, finnki djassgítarleikarinn Olli Soikkeli og kontrabassaleikarinn Birgir Steinn Theodors-son galdrar fram fyruga tóna. Tónleikarnir vara í tæpa klukkustund og er aðgangur ókeypis.

Klukkan 17:30 mun Íris Ann Sigurðardóttir fjalla um leyndardóma tarotspilanna. Íris Ann hefur notað tarotspil frá unga aldi og halddi fjöldi námskeiða um hvernig nota megi spilin í daglegu lífi. Hér mun hún segja frá því hvernig hún notar spilin, hver saga þeirra er og hvað þau tákna fyrir henni. Að því loknu gefst tími til spurninga og spjalls.

Klukkan 18:30 verður hægt að njóta leið-sagnar um sýninguna Venjulegar myndir ásamt sýningaráranum Hallgerði Hallgrímsdóttur og Kristínu Sigurðardóttur sem er einn listamanna á sýningunni. Opið verður á Gerðarsafni til klukkan 21 fimmtudaginn 29. febrúar.

Bæjarlistamaður Kópavogs, Lilja Sigurðardóttir, mun svo leiða einstakan viðburð á Bókasafni Kópavogs klukkan 20 en þar mun hún fjalla um íslenskar glæpasögur á pólsku. Viðburðurinn er í samstarfi við Polishbooks, pólsku bókabúðina í Kópavogi.



Íris Ann Sigurðardóttir



Finnki djassgítarleikarinn  
Olli Soikkeli



Hallgerður Hallgrímsdóttir



Lilja Sigurðardóttir

# Stefán og Smári kvaddir eftir áratugastarf hjá Kópavogsbæ

Stefán L. Stefánsson, tæknifræðingur, og Smári Smárason, arkitekt, voru kvaddir við starfslok hjá Kópavogsbæ en þeir hafa unnið hjá bænum um áratugaskeið.

Stefán hóf störf hjá Kópavogsbæ árið 1980 þegar íbúar voru rúmlega 13.000. Stefán var lengst af deildarstjóri framkvæmdadeilda og hafði því yfirumsjón með framkvæmdum á vegum Kópavogs-bæjar, sem voru fjölmargar enda bærinn í miklu vexti.

Lagning vega og lagnakerfis heyrði undir Stefán og var í nógum að snúast á starf-ævinni, en á hans starfstíma risu Smára-hverfi og hverfin austan Reykjanesbrautar auk þess sem gatnakerfi eldri hluta purfti endurbóta við. Þar að auki eru allar þær byggingar sem risið hafa á vegum bæjarins á tímabilinu, skólar, leikskólar, menn-ningar- og íþróttahús.

Smári Smárason, arkitekt, hóf störf hjá Kópavogsbæ árið 2001 og tók þannig til



Stefán og Smári voru leystir út með gjöfum þegar þeir voru kvaddir af samstarfsfólk. F.v. Auður Dagný Kristinsdóttir, skipulagsstjóri, Stefán L. Stefánsson, Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Smári Smárason og Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri.

starfa þegar mjög mikið uppbyggingar- og þensluskeið var hjá bænum. Hann fékk það verkefni að skipuleggja efstu byggði í Kópavogi en Kórahverfi og Vatnsendi voru skipulögð á hans starfstíma en þau risu um og upp úr aldámótum. Þá hefur Smári unnið að skipulagi ýmissa þettingarreita í Kópavogi svo sem Glaðheimasvæði.

## Systrarígur og keppniskapið enn til staðar á árgangamóti Breiðabliks

Knattspyrnukonur sem á einum eða öðrum tíma hafa klæðst grænni Breiðablikstreyju, innan eða utan vallar, hittust á árgangamóti 10. febrúar sl. og rifjuðu upp gamla takta. Sumar höfðu engu gleymt, aðrar kannski einhverju og sumar af þessum kempum lifa enn á fornri frægð.

Er þetta annað árið í röð sem Blikastelpur koma saman, leika knattspyrnu fyrr hluta dags og gleðjast svo saman um kvöldið á glæsilegu kennakvöldi Breiðabliks.

**130 keppendur og 13 lið**  
Áhuginn á mótinu að þessu sinni var gríðarlegur, 130 keppendur voru skráðir til leiks sem skipuðu alls 13 lið.

**Markvörðurinn og elsti leikmaður mótsins setti tvö mörk með vinstri**  
Elsti leikmaður mótsins var Sigfríður Sophusdóttir, fyrverandi markvörður Íslenska landsliðsins. Hún gerði sér lítið fyrir, skelitti sér í framherjann og setti tvö með vinstri. Yngsti leikmaðurinn mótsins er fæddur árið 2002 og hefur hún því þáttökurétt í heil 33 ár í þessu móti áður en hún næf afrekum markaskorarans Sigfríðar.

Liðin tvö sem léku til úrslita voru skipuð leikmönnum sem eru að nálgast fertugs-aldurinn, annað liðið skipað leikmönnum fæddum 1987/1986 gegn ríkjandi meisturum fæddum 1988.

Þessir árgangar þekkjast vel í gegnum yngri flokkar Breiðabliks og það mátti finna fyrir miklu keppnisskapi og systraríg í loftinu.

Svo fór að yngra liðið vann æsispennandi úrslitaleik 2-1 og 1988 árgangurinn lyfti því titlinum annað árið í röð.

Árgangar 1986/1987 sameinuðu krafta sína en það dugði þó ekki til að sigra meistarana frá því í fyrra, árgang 1988. Úrslitaleikurinn var þó mjög spennandi og endaði 2-1. Silfuriðið var þó glaðbeitt að leikslokum og mæta sjálfsgagt enn grimmari til leiks á næsta ári



Komu, sáu og sigrúðu! Ríkjandi meistarar frá því fyrra, árgangur 1988, mættu fullar sjálfstrausts á árgangamóti og lyftu bikurnum annað árið í röð



Elsta lið mótsins, 40 ára og eldri, stóð fyrir sínu enda miklar kempur á ferð




## FRÍMANN & HÁLFDÁN

ÚTFARARPJÓNUSTA

Frímann 897 2468	Hálfán 898 5765
Ölöf 898 3075	Kristín 699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfjörður  
Sími: 565 9775  
www.uth.is - uth@uth.is

[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)  
[Twitter.com/Kopavogspostur](https://www.twitter.com/Kopavogspostur)  
[Instagram.com/Kopavogsposturinn](https://www.instagram.com/Kopavogsposturinn)



# HALLÓ MARS!



199  
kr/stk  
áður  
359 kr



549  
kr/pk



199  
kr/stk  
áður  
319 kr

Nói lakkris súkkulaði  
60g

Lay's MAX  
4. teg. 185g

Malt og appelsín  
Án sykurs 330 ml



249  
kr/stk  
áður  
379 kr



20%  
afsláttur

Coca Cola án sykurs  
Koffínlaut - 500 ml



149  
kr/stk  
áður  
239 kr



99  
kr/pk  
áður  
199 kr



349  
kr/stk

Bonaqua sítrónu  
500 ml

Takis Fuego  
28g

Cadbury Caramel  
45g



30%  
Appsláttur

TGI Fridays  
3 teg.



Freyju Hrís  
160g

799  
kr/pk  
áður  
989 kr



179  
kr/stk  
áður  
269 kr

Egils páskaoöl  
Sykurskert  
330 ml

Krambúðin

# KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

Útgefandi: Kópavogspósturinn ehf.

Netfang: valdimar@kp.is Ritstjóri: Valdimar Tryggi Kristófersson,  
Sími: 697 4020. Vefsíða: [www.kgp.is](http://www.kgp.is) Umbrot: Kópavogspósturinn ehf.  
Prentun: Landsrent ehf Dreifing: Póstdreifing

Kópavogspósturinn kemur næst út 7. mars

Síðasti skiladagur er föstudaginn 1. mars

valdimar@kp.is - Sími 697 4020

Vefsíða Kópavogspóstins, [www.kgp.is](http://www.kgp.is)

Kópavogspósturinn er á: Facebook, Twitter og Instagram

## Hádegis-tónleikar á bókasafn-inu í dag



Einar Örn og Gunnur koma fram á hádegistónleikum á bókasafninu í dag

Í dag, fimmudaginn 29. febrúar koma þau Einar Örn Magnússon og Gunnur Arndís Halldórsdóttir fram á hádegistónleikum á Bókasafni Kópavogs, annari hæð, og flytja sígild íslensk dægurlög á sinn einstaka hátt.

Tónleikarnir standa yfir í um hálfa klukkustund og eru öllum opnir á meðan húsrúm leyfir en tónleikarnir eru samstarfsverkefni á milli Bókasafns Kópavogs og Tónlistarskóla FÍH.



## Útfararstofa Íslands

[www.utfarin.is](http://www.utfarin.is) • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna  
Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455



## Útfararstofa Hafnarfjarðar

[www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Dofrahellu 9b, Hafnarfjörður



Útfararpjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)

VIÐ PJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

# Mikill árangur af breytingum í leikskólum í Kópavogi

## Styttri dvalartími barna og engar lokanir í leikskólum

Dvalartími barna í leikskólum Kópavogs hefur styst verulega eftir að breytingar á skipulagi og starfsumhverfi leikskólanna tóku gildi síðast. Í fyrsta sinn um árabil er meirihluti barna í skemmmri dvöl en átta tíma á dag. Þá hefur enginn leikskóli þurft að loka deildum það sem er skólaárinu vegna manneklu og eru flestir leikskólar fullmannaðir.

Í breytingunum fólst meðal annars gjaldfrjáls leikskóli sex tíma á dag, aukinn sveigjanleiði í skráningu dvalartunda og tekjutenging afsláttá af leikskólagjöldum.

Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri svaraði nokkrum spurningum í tengslum við leikskólamálum í Kópavogi.

**Hvert var markmið breytinganna og hvernig hefur gengið?** „Kópavogsbær boðaði breytta stefnu og nýja hugsun í leikskólamálum í haust með það að markmiði að styrkja starfsumhverfi leikskóla og auka stöðugleika í þjónustu við barnafjölskyldur. Breytingarnar hafa skilað góðum árangri. Ekki hefur þurft að loka leikskólam vegna manneklu, dvalartími barna hefur styst sem dregur úr áreiti og álagi á bæði börn og starfsfólk. Betur gengur að manna leikskóla og flestir leikskólar eru fullmannaðir,“ segir Ásdís.

Könnunin um áhrif breytinganna var lögð fyrir foreldra og forsjáraðilar og starfsfólk í desember. Hún sýnir að hluti foreldrar er óánægður með breytingarnar, kom það á óvart? „Í sjálfu sér ekki, enda eru breytingarnar röttækar og þýða hækkan gjalda hjá þeim hópi sem ekki hefur tök að stytta dvalartíma barna. En að sama skapi þá vitum við að gæði þjónustunnar hefur aukist og foreldrar sem eru að nýta átta tíma finna það að það er meiri ró inni á leikskólanum og að það gengur betur að halda takti yfir daginn. Ég hef fulla trú á því að ánægjan muni



aukast, begar foreldrar átta sig enn betur á því að þær skila betra leikskólastarfi.“

af luku 1.352 við könnunina á íslensku en 85 á ensku.

• Almennt ríkir mun meiri ánægja meðal þeirra sem svara könnuninni á ensku. Einnig geta þau frekar nýtt sér sveigjanleiða eða alls 72% svarena.

• Meirihluti foreldra og forsjáraðila telur sveigjanlegan dvalartíma jákvæðan fyrir skipulag fjölskyldunnar. Könnunin sýnir að tekjulægri heimili eru ánægðari með breytingarnar en þau tekjuhærrí. Þá kemur fram að tæplega helmingur foreldra og forsjáraðila nýtt sér sveigjanleiða í skráningu dvalartíma.

**Hversu mikið hefur dvalartími barna breyst?** „Tólnar sýna glöggjut hversu mikil breyting hefur orðið á dvalartíma barna. Sem dæmi þá hefur hlutfall barna sem eru í átta tíma dvöl eða lengur farið úr 85% í janúar 2023 niður í 49% í janúar 2024. Hlutfall þeirra barna sem eru í sex tíma dvöl eða skemur er nú 22% en fyrir breytingar var það hlutfall innan við 2%. Foreldrar og forsjáraðilar 46% barna hafa stytt dvalartíma barna sinna. Þetta er mikill árangur og umfram okkar væntingar.“

Um könnun vegna leikskólabreytinga


• Könnun lögð fyrir foreldra og forsjáraðila í Kópavogi dagana 8. til 22. desember á íslensku og ensku í gegnum leikskólakerfi Völu. Fjöldi með þátttökurétt voru 3.874 og luku 1.442 þátttökurétt voru 40%. Þar

Eftir að könnun var framkvæmd tók gildi breyting þar sem sveigjanleiði í dvalartíma var aukinn enn frekar og samþykktar breytingar á tekjuviðmiðum tekjutengdra afsláttá til að mæta enn betur tekjulægri heimilum og í samræmi við ábendingar foreldra sem bárust á haustönn.

• Steft er að sambærilegri könnun í lok skólaárs og þeirri þriðju á næsta skólaári til að kanna enn frekar áhrif breytinganna.

Ánægja með breytingar út frá heildartekjum heimilis

- svarendur á íslensku



Kvenfélagið  
Freyja  
Félag Framsóknarkvenna  
i Kópavogi

Aðalfundur Freyju  
Félags Framsóknarkvenna í Kópavogi  
Laugardaginn 09. mars 2023 kl 11:00  
að Bæjarlind 14, Kópavogi

KI 11:00 Opinn bæjarmálafundur í umsjón Freyju, allir velkomnir

- Setning: Ólöf Pálína Úlfarsdóttir formaður Freyju setur fund
- Kosning fundarstjóra og ritara
- Sérstakur gestur fundar Ingibjörg Ísaksen þingmaður og formaður þingflokkus framsóknarmanna flytur erindi.
- Umræður
- Kaffihlé í 15 mín. - Veitingar að hætti Freyju

KI 12:15 Venjuleg aðalfundarstörf



RioTinto

# Vel launuð sumarstörf

Duglegt fólk óskast í fjölbreyttan starfshóp okkar í sumar. Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri, hafa bílpróf og hreint sakavottorð. Við hvetjum fólk af öllum kynnum til að kynna sér laus störf og sækja um á [riotinto.is](http://riotinto.is).  
**Umsóknarfrestur er til og með 17. mars.**

# Stærsta opnun Huppu frá upphafi í Búðakór



Stemmningin í Huppu Búðakór hefur verið góð frá opnun verslunarinnar 15. feb. sl.

Ísbúðin Huppa opnaði með stæl í Búðakór í Kópavogi 15. febrúar sl. og það er engu líkara en Kópavogsbúar hafi beðið með mikilli eftivæntingu eftir Huppu því fullt var út úr dyrum allan opnunardaginn og langar biðraðir mynduðust.

Ekkert smá ánægð og þakklát Undanfarnar tvær viku hafa Kópavogs-búar svo verið duglegir að næla sér í Huppis og Telma Finnsdóttir, einn eigandi Huppis, er ánægð með viðtökurnar. „Já, Vá! Við erum ekkert smá ánægð og þakklát. Þetta er búið að vera svo skemmtilegt og gaman hvað margir komu til okkar á opnunardaginn, það var fullt út úr dynum allan daginn,” segir hún brosandi.

Og það var í raun allt vitlaust að gera á opnunardaginn eins og þú nefnið, áttuð þið von á öllum þessum fjölda og voruð undirbún fyrir það? „Maður veit aldrei hverju maður á von á við opnun nýrrar búðar en við höfum verið svo lánsöm að

það hefur alltaf verið nóg að gera á opnunardögum okkar. Við erum því alltaf mjög vel undirbún og það kom sér virkilega vel í opnun Huppu hér í Kópavogi.”

En hversu mikið magn selduð þið af ís á opnunardaginn? „Við seldum virkilega mikið af ís, þetta var stærsta opnun Huppu frá upphafi. Við vorum búin að finna fyrir mikilli spennu frá Kópavogsbúum fyrir opnun Huppu og vorum því mjög vel undirbún og allt gekk venum framar.”

## Seldu mest af bragðarefnum

Hvaða ísló í gegn á opnunardaginn? „Við seldum langmest af bragðarefum en Huppusjeikarnir voru líka mjög vinsælir.”

Og svona ef tekið er mið af fyrstu tveimur vikum ykkar í Búðakór, er þá gott að vera í Kópavogi? „Já, það er ekki hægt að sejja annað en það sé gott að vera í Kópavogi. Við erum virkilega ánægð og þakklát fyrir móttökurnar og hlökum til framtíðarinnar hér í bænum.”



Stóðu vaktina fyrir Huppa á opnunardaginn! Karen Eva, Hrefna, Tara og Eva



## Aðalfundur

Aðalfundur Félags eldri borgara í Kópavogi verður haldinn í félagsmiðstöðinni Gullsmára 9 þriðjudaginn 5. mars 2024 kl. 16:00.

### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál
3. Kynning á ferðaáætlun 2024

Reikningar félagsins liggja frammi á skrifstofu FEBK Gullsmára 9 viku fyrir aðalfund.

Stjórn FEBK

# Þar sem börfin er brýn

## Sumum mönnum lánast að láta til sín taka þegar þeir sjá að þeirra er börf.

Sumum mönnum lánast að láta til sín taka þegar þeir sjá að þeirra er börf. Þeir líta í kringum sig og kanna hvor þeir geta komið að liði og nýst þeim sem hjálpar eru þurfi. Það er menning!

Gunnar Stefánsson, prófessor við Raunvísindadeild Háskóla Íslands, kannaði á sínum tíma nýja möguleika til kennslu nemenda sinna í skólanum er í ljós kom að gamlar aðferðir skiluðu litlum árangri; nemendur lærðu lítið. Hann þróaði því ásamt Önnu Helgu Jónsdóttir, samkennara sínum, nýtt kennslu- og æfingakerfi sem begar sannaði gildi sitt, ekki einungis á háskólastigi heldur og í grunn- og framhaldsskólum.

Augu Gunnars og annarra sem komu til starfa með honum beindust nú að auknu samstarfi með þróun kerfisins erlendis og urðu þeir þegar varir við mikinn áhuga í þróunarlöndunum svokölluðu. Þeir afréðu því að leita fyrir sér í Kenia.

Að undirlagi Gunnars og Önnu Helgu var stofnað félagið Broskallar sem hafði að markmiði að safna fé til kaupa á spjaldtölvum sem skyldu verða verkfæri nemendanna. Stærsta hindrunin á vegi nemendanna var stærðræði, enda fátt kennara og kennslugagna sem gátu komið að notum. Engir fara í grafgötur um að nám er eina örugga leiðin til að brjótast út úr gildru fátækta sem ríkir viða í Kenia og viða annars staðar í Afrika.


Ljóst var að kennsluverkefni, tutor-web, vakti athygli en afráðið var að velja eyju á Viktoríuvatni, Takawiri, og þar sannaði verkfnið ágæti sitt von bráðar hjá grunnskólabörnum. En vissulega reyndist þrautin byngri að breiða fagnaðarerindið út, ekki síst fyrir það að aðgangur að þráðlausri netþjónustu var viðast í ólestri, eða bara fjarlægur draumur. Þó fannst skólabygging sem státaði af sólarrafhlöðu, reyndar ekki öruggri, en unnt reyndist þó að fylgjast með úrlausnum nemenda við þeim spurningum sem lagðar voru fyrir.

Smám saman komst netsamband í betra horf sem gerði allt starf auðveldara. Alltaf var markmiðið að koma nemendumunum í háskólanám og bött það sýndist fjarlegt varða það að veruleika er tímar liðu. Allt breyttist til batnaðar þegar starfsemin fluttist til bókasafnanna sem bjuggu vel að netþjónustu og aðstaða fyrir nemendur allt önnur. Þau urðu nú eins konar miðstöðvar starfsins.

Nú eru liðin mörg ár frá þessari tilraun en ljóst er að hún hefur sannað gildi sitt svo um munar; nú hafa um 700 börn og ungingar lokið við verkefni sín og eru stoltir eigendur spjaldtörla. Nokkrir nemendanna eru nú komnir í háskóla og sumir þeirra eru komnir til starfa við verkefnið og koma miklu í verk. Fjöldi kennara hafa fengið þjálfun á vegum verkefnisins sem nú dreifist hratt út. Tölvukunnáttu nemenda hefur



Lært með Smiley Tutor á Takk heimilinu fyrir munaðarlaus börn



Gunnar við kennslu með Smiley Tutor í fangelsinu í Naivasha

auk námsins opnað aðgang að alls kyns fræðslu sem fyrir lá ekki á lausu. Verkefnið hlaut nafnið Menntun í ferðatosku, Education in a suitcase.

Nú vaknaði spurning um það hvernig skyldi umbuna nemendum fyrir árangur í námi. Úr varð að stofnað var til eins konar rafmyntar, broskalla (Smileycoin). Nemendur vinna verkefni sín bókasöfnunum þar sem þeim eru lánaðar tölvur, og fá umbun, broskalla, ef vel gengur og geta þá fest kaup á spjaldtölvum og ýmsum varningi sem stundum hefur getað létt fjölskyldum þeirra lífið. Nýjar tölvur koma svo í staðinn á bókasöfnin. Broskallarnir eru nú einnig farnir að brosa breitt við nemendum Háskóla Íslands

Það leyfir sér ekki að þetta kostar mikið fé og þar hafa margir hlaupið undir bagga, til dæmis utanríksráðuneytið á Íslandi og ekki má gleyma Hringfarannum, Kristján Gíslason, sem sást nú nýverið í sjónvarpsþáttum á ferð um Afríku á mótorhjóli, og konu hans, Ásdísí Rósu Baldursdóttur. Góðir rannsóknarstyrkir hafa fengist og góðgerðasamtök látíð fé af hendi rakna. Styrktarsjóður Rótarý á Íslandi hefur hlaupið undir bagga og einnig Rótarýklúbburinn Borgir í Kópavogi. Verkefni Gunnars og félaga hafa tengst ABC og Íslensku barnahjálppini sem Hringfarinn hefur

dyggilega styrkt ásamt því að styðja verkefni Gunnars og félaga í Eþíópiú.

Það var frá upphafi ljóst að það yrði við erfiðan reip að draga er kæmi að námi stúlkna, að opna þeim leið inn á bókasöfnin. Átak í þeim efnum skilaði gleðilegum árangri og nú er svo komið að þrjátíu þrósent nemenda sem vinna verkefni sín þar eru stúlkur sem án efa mun skila sér á mörgum vettvangi.

Þetta verkefni hefur farið sigurför á heimsvisu en því er ekki lokið og mun teygja sig viða, til dæmis inn i flóttamannabúðir í Kenia og viða – og þar veitir ekki af átaki í fræðslumálum.

Ef þetta er ekki menning í sinni fegurstu mynd – hvar er hún þá?

Þórður Helgason tók saman. Rammagrein – samantekin af Önnu Stefánsdóttur.

Gunnar sem er félagi í Rótarýklúbbnum Borgum, hefur ásamt Önnu Helgu, verið ötull að kynna verkefnið meðal rótarýklúbbba á Íslandi. Verkefnið hlaut styrk úr Verðlauna- og styrktarsjóði Íslenska Rótarýmdæmisins árið 2019 og á síðasta ári veitti Rótarýklúbburinn Görðum í Garðabæ verkefni veglegan styrk. Rótarýklúbburinn Borgir vinnur nú að styrkumsókn í aðþjóðlegan styrkarsjóð rótarýhreyfingarinnar til að efla enn frekar kennsluverkefnið þá ekki síst til að ná til fleiri stúlkna og einstæðra ungra mæðra.

Rótarýjsjóðurinn er einn öflugasti styrktarsjóður heims á svíði mannúðar- og menntamála. Á hverju ári veitir sjóðurinn m.a. veglega styrki til meistaránáms í friðarfærum við viðurkennda háskóla. Einnig veitir sjóðurinn styrki til stórra verkefna á svíði heilbrigðismála og til að draga úr fátækti í heiminum.



Nemendi í Moyale mætir með föður sínum til að taka við spjaldtölvu sem er búið að kaupa fyrir Broskalla



Stúlkur að læra með SmileyTutor í Moyale

# ÄNGLAMARK DAGAR NETTÓ

29. febrúar–10. mars

25% appsláttur af öllum  
Änglamark-vörum.




- Um 300 vörur; fjölbreytt úrval
- Lífrænar, umhverfisværnar og Svansvottaðar
- Án astma- og ofnæmisvaldandi efna
- Án litar- og ilmefna
- Án efna sem raska hormónabúskapnum

Vinsælasta græna vörumerki Svíða 12 ár í röð!

Hvert er þitt uppáhalds Änglamark?



Betra  
verð  
með  
appinu!



Afslátturinn birtist  
sem inneign í appinu.  
Sækta appið og  
byrjaðu að spara!

nettó

# Emma Dís úr Dimmu stóð uppi sem sigurvegari Félkó

Árleg söngkeppni Félkó var haldin í Salnum á dögunum og var það Emma Dís Tómasdóttir úr félagsmiðstöðuinni Dimmu sem stóð uppi sem sigurvegari.

Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri ávarpaði gesti ásamt því að veita verðlaun fyrir fyrsta sæti, en henni til aðstoðar voru Hanna Carla Jóhannsdóttir formaður menntaráðs og Embla Rún Pétursdóttir, fulltrúi ung-mennaráðs.

Keppnin var hin glæsilegasta og hæfileikar unglingsanna gerðu dómnefndinni erfitt fyrir þegar kom að því að veita verðlaun fyrir efstu þrjú sætin.

Fyrsta sætið hreppsti Emma Dís Tómasdóttir úr félagsmiðstöðuinni Dimmu, í öðru sæti var Aldís María Sigurvinsdóttir úr félagsmiðstöðinni Fönik og í þriðja sæti var Vanessa Rúnarsdóttir úr félagsmiðstöðinni Kúlunni.



Siguvegarar í Felkó! Aldís María Sigurvinsdóttir, Emma Dís Tómasdóttir og Vanessa Rúnarsdóttir og þær munu allar taka þátt í söngkeppni Samfés í vor

Við óskum þeim innilega til hamingju og hlökum til að sjá þær á stóra sviðinu í maí. Samfés sem sýnd verður á RÚV í vor.

# Jón lætur af störfum eftir 36 ára starf hjá bænum



Jón Júliusson ásamt Ásdísi Kristjánsdóttur bæjarstjóra þegar hann kvaddi eftir síðasta starfsdaginn sinn, en Jón hlaut m.a. heiðursviðurkenningu íþróttaráðs á íþróttahátið Kópavogs sem haldin var sl. janúar

Jón Júliusson hefur látið af störfum eftir 36 ára starf hjá Kópavogsbæ. Jón hóf störf árið 1988 sem íþróttafulltrúi, síðar deildarstjóri íþróttamála. Á starfsferli hans varð Kópavogur þekktur sem íþróttabærinn, mikil umbylting varð í íþróttamálum í Kópavogi ekki síst í barna- og unglingastarfi. Umgjörð íþróttastarfs tók stakkaskiptum og íþróttamannvirkjum fjölgðaði.

Jón er í hópi þeirra starfsmanna sem hafa unnið hjá bænum á tímabili mikils vaxtar


en þegar hann hóf störf voru íbúar um 15.500 að mestu í Austur- og Vesturbæ Kópavogs en þeir eru riflega 40.000 í dag. Jón var formaður Starfsmannafélags Kópavogs 1992-2004. Þá sat hann í bæjarstjórn fyrir hönd Samfylkingar 2006 til 2010 og skipulagsnefnd.

Jón er nú formaður GKG, Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar. Þess má geta að lokum að Jón hlaut heiðursviðurkenningu íþróttaráðs á íþróttahátið Kópavogs sem fram fór í janúar síðastliðnum.

Kópavogspósturinn [www.kgp.is](http://www.kgp.is)  
[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://Facebook.com/Kopavogsposturinn)  
[Twitter.com/Kopavogspostur](https://Twitter.com/Kopavogspostur)  
[Instagram.com/Kopavogsposturinn](https://Instagram.com/Kopavogsposturinn)

# HUPP HUPP HÚRRA Takk fyrir frábærar viðtökur í Kópavogi!

## Sjáumst Huppuhress!



BÚÐAKÓR 1

MÁN-FÖS 14-23  
LAU-SUN 12-23

# KÓPAL

UMHVERFISVÆN  
INNIMÁLNING



**målning**

# Ögrandi hugmynd, eða ruglandi?

Frétt um viljayfirlýsing Kópavogs að heimila 5.000 mann byggð fyrir eldri borgara og 1.200 ný hjúkrunarrými í landi Gunnarshólma er í senn umhugsunar - og varhugaverð, jafnvel ógnvejkandi. Þetta yrði þróji stærsti byggðarkjarni landsins utan höfuðborgarsvæðisins, stærsta sjúkrastofnunin, stærsta leigufelagið og líklega stærsta skipulagða gettó landsins. Hjá formælendum gengur hugmyndin undir nafninu „lífsgæðakjarni“ en má einnig lýsa sem gettói vel stæðra eldri borgara í grennd við lígefandi vatnsból 250.000 manna og eldvirk svæði sem nýlega vaknaði eftir nokkurra alda svefn. Er þetta ögrandi hugmynd, eða bara ruglandi tímaþjófur?

Hugmyndin byggist á því að komið sé á móts við vaxandi þörf fyrir húsnaði og þjónustu fyrir eldri borgara á höfuðborgarsvæðinu. Um þörfina er ekki deilt. Spurningin er hvort þetta geti orðið hluti af lausninni, og hvort staðsetning og hugmyndafræðin sé skynsamleg. Það er deginum ljósar að Kópavogsbaer hefur ekki sinn pessu málum um langt ára bil hér í bænum. Meirihlutinn vaknaði fyrst til til verka þegar fjárfestar sem leita leiða til að ávaxta sitt fé knúðu dýra.

Samfélagið glímir nú við ógn vegna eldvirkni og jarðskjálfta á Reykjanesi. Höfuðborgarsvæðið er girt virkum eldfjöllum frá Trölladyngju að Helliseiði og sprungur frá þessu svæði ná inn í efstu byggðir Hafnafjarðar, Kópavogs og Reykjavíkur. Allt getur gerst. Gangi framagreind áform eftir gæti farið svo að 5.000 ibúum og 1.200 öldruðum sjúklingum yrði ógnað þegar jarðeldar kvíkna. Ekki má gleyma hvar eldar brunnu við Kristnötkuna og að Rauðhólamir mynduðust þar rétt hjá fyrir aðeins um 5 þúsund árum. Reynslan er ólygnust og sýnir að varast ber búsetu nær eldvirkum svæðum en orðið er. Betri staðsetning stendur til boða þar sem hætta vegna jarðhræringa og elda er minni, eða því sem næst engin. Þá leitar hugur til vesturs, við Esjuna en ekki til austurs í nánd við eldvirku svæðin eins og þessi hugmynd gerir.

Vatn er líf! Svæði í nágrenni Gunnarshólma veita stórum hluta landsmanna aðgengi að þessum lífgjafa. Peir eru staðsettir í jaðri þess svæðis sem til umræðu er; á svæði þar sem grunnvatnsstaða er nálægt yfirborði og því viðkvæm fyrir mengun. Allri byggð fylgir mengun. Því umfangsmeiri sem byggð er því meiri mengun. Vissulega er hægt að takmarka áhættu vegna mengunar með verkfæðilegum lausnum. En mengun verður ekki útilokuð og er í raun aflik; bara einn jarðskjálfti gæti á fáeinum augnablikum breytt öllum forsendum uppsettra mengunarvara. Umrædd hugmynd er örgrun við þessa mikilvægustu uppsprettu lífsvöldurværis á höfuðborgarsvæðinu; það er mikið í húfi!

Sagan er ólygnust. Á umræddu svæði verða við tilteknar veðuraðstæður umtalsverð flóð þar sem vatn leggst yfir tún og vegi, og einangrar húsin frá venjulegum samgöngum. Flóð sem gætu boríð mengun frá hinum svo kallaða „lífsgæðakjarna“ yfir í vatnsbólum okkar.

Fram til þess hefur verið lögð áhersla á að skipuleggja byggð með þeim hætti að þar



Tryggvi Felixson

ríki fjölbreytni; eldri og yngri, barnafjölskyldur, efnameiri og efnaminni. Fjölbreytni er styrkleiki og eflir samstöðu og skilning á milli ólíkra þjóðfélagsþópa. Framlögð hugmynd felur í sér einsleitni. Einsleitni leiðir til sundrungar, minni skilnings á sjónarmiðum og þörfum ólíkra hópa samfélagsins; einsleitni er hreint og beint ávísun á leiðindi. Formaður félags eldri borgara hefur komið þessum sjónarmiðum vel á framfæri; segir hugmyndina vonda og hún gangi þvert gegn öllum ríkjandi áherslum í málaflokknum. Hann efast um að velferð eldra fólks hafi ráðið fór í þessu málí.

Að framansögðu tel ég skynsamlegast að beina kröftunum að öðrum svæðum og með aðra hugmyndafræði að leiðarljósi til að mæta þörf fyrir húsnaði. Það á við eldri borgara eins og aðra þjóðfélagsþópa sem vilja búa á höfuðborgarsvæðinu. Tökum tillit til náttúrulegra aðstæðna. Hefjum samtalið við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Sóum ekki tíma í þessa afleitu og/eða fráleitu tillögu um fjölmenna einsleita byggð á viðkvæmu svæði. Hlustum á sjónarmið eldri borgara um hvernig best er þróa lífsgæðakjarna. Látum ekki fjárfesta sem hafa hagnaðarsjónarmið að leiðarljósi ráða fór.

PS. „Gettó“ er iðulega skilgreint sem hluti borgar sem byggður er af hópi sem býr þar sérstaklega vegna félagslegs, efnahagslegs eða lagalegs þrýstings.

Tryggvi Felixson

Höfundur er ritari félagsins Vinir Kópavogs.

## 12 verðlaun Blika og aldursflokkamet á MÍ innanhús



Frjálsíþróttafólk frá Breiðablik stóð sig frábærlega á Íslandsmótinu innanhúss og unnu til 12 verðauna á mótinu

Meistaramót Íslands innanhúss fór fram í Laugardalshöll um þar síðustu helgi og átti Breiðablik 15 keppendur á mótinu. Þeir gerðu sér lítið fyrir og unnu til fimm gullverðlauna, sex silfurverðlauna og einna bronsverðlauna á mótinu sem skilaði liðinu 2. sæti í heildarstigakeppninni á eftir FH.

Júlia, Þorleifur, Arnar og Bjarki Íslandsmeistarar

Júlia Kristin Jóhannsdóttir varð Íslandsmeistari í 60 m grinda laupi á tímanum

8,56 sek. sem er bæði nýtt mótsmet og aldursflokkamet í U23, þessu til viðbótar varð Júlia í 2. sæti í langstökk með stökk upp á 5,73 m og í 2. sæti í 60 m hlaupi kvenna á tímanum 7,65 sek. sem var jöfnun á persónulegu meti hennar.

Þorleifur Einar Leifsson varð Íslandsmeistari í langstökk með stökk upp á 6,75 m og Íslandsmeistari í 60 m grinda laupi á tímanum 8,29 sek sem var jafnframt persónulegt met.

Arnar Pétursson varð Íslandsmeistari í 3000 m hlaupi á tímanum 9:05,66 og lenti í 2. sæti í 1500 m hlaupi.

Bjarki Rúnar Kristinsson varð Íslandsmeistari í þrístökk með stökk upp á 14,36 m.

Guðjón Dunbar Diaquoi lenti í 2. sæti í langstökk og þristökk með stökk upp á 6,70 m og 13,93 m. Ægir Örn Kristjánsson lenti í 2. sæti í hástökk með stökk upp á 1,82 m og Stefán Kári Smárason lenti í 3. sæti í 1500 m hlaupi á tímanum 4:17,04.

## Bergur setti Íslandsmet í 200m hlaupi

Blikinn Bergur Hallgrímsson gerði sér lítið fyrir og sigrarði 200 m hlaup í flokki 40-45 ára á Belgian Masters Championships sl. mánudag og sló í leiðinni Íslandsmet í greininni í sama flokki.

Bergur hljóp á tímanum 23,55 sek. og bætti þar með met Ólafs Guðmundssonar frá árinu 2010 sem var 24,03 sek. Bergur hefur keppt undir merkjum Breiðablik síðan hann var 15 ára gamall, en hann æfði fyrst hjá Agli Eiðs og svo Jóni Sævari. Bergur hætti formlega að keppa í kringum 25 ára aldurinn en hefur dundað sér í öldungaflokkunum eftir að hann varð 35 ára og þetta dund er greinilega að skila sér. Þó Bergur hafi hlaupið hráðast á mótinu í Belgíu var hann ekki krýndur belgískur meistari þar sem hann er ekki með belgískan ríkisborgarárétt en þess í stað krýna Blikaðar nýjasta Íslandsmethafa Blika, að sjálfssögðu!



Íslands- og aldursflokkamet 40-45 ára í 200m innanhúss

**Bergur Hallgrímsson**  
23,55 sek.



## Kársnesið og Arnarland í deiglu bæjarmála!

Opinn félagsfundur Vina Kópavogs 7. mars nk kl. 16:30 í húsnæði Siglingaklúbbsins Ýmis, Naustavör 14.


Meðal þess sem verður til umfjöllunar;

- Fossvogsbrú
- Arnarland
- Svæðisskipulag á Kársnesi
- Breytingar á vistun og gjaldskrám í leikskólum bæjarins
- Gunnarshólmi - áform um uppbyggingu

Bæjarfulltrúar sitja fyrir svörum og gestir fundarins flytja erindi.

Nánar á <https://www.facebook.com/XKopavogur/>

**Kópavogsbúar og áhugafólk um málefni velkomin!**



# Segðu hó!

Finnur þú draumastarfið í leikskóla í Garðabæ?

Við leitum að fagfólk til að byggja upp næstu kynslóð. Taktu þátt í faglegu starfi og fáðu forgang við úthlutun leikskólaplássa, afslátt af leikskólagjöldum, árskort í sund og ýmis fleiri fríðindi.



GARÐABÆR

Nánari upplýsingar á [starfabaeir.is](http://starfabaeir.is)



# Við trúum því að í lífinu eigi maður alltaf að gera sitt besta, ekki bara fyrir sjálfan sig heldur líka að reyna að láta gott af sér leiða

- segja hjónin Baldur Rafn Gylfason og Sigrún Bender eigendur heildverslunar Bpro sem láta gott af sér leiða í Mottumars

Bpro heildverslun tekur í fyrra skipti þátt í Mottumars, sem er árlegt átak Krabbameinsfélagsins í baráttunni gegn krabbameinum hjá körlum, en Bpro hefur áður styrkt Krabbameinsfélagið með því að taka þátt í Bleiku slaufunni. Í samvinnu við særnámskráða Beard Monkey hefur Bpro látið framleiða sérmerkt mottuvax sem verður selt til styrktar Krabbameinsfélagini, en allur ágóði af sölu á vaxinu rennur beint til félagsins.

Tilgangur Mottumars er að allir taki höndum saman í vitundarkvæningu um krabbamein hjá körlum og afli um leið fjár fyrir mikivægi starfsemi Krabbameinsfélagsins. Átakið hefst 1. mars og í ár verður lögð áhersla á gildi hreyfingar sem forvarnar gegn krabbameinum.

Eins og áður segir þá hefur Bpro stutt við Krabbameinsfélagið í gegnum Bleiku slaufuna, en árið 2021 seldi Bpro sérmerkt bleika Wonder Brush hábursta frá HH Simonsen með bleiku slaufunni og söfnudust rúmlega 3,5 milljón króna fyrir Krabbameinsfélagið. Bpro er heildverslun með fagvörur fyrir hárgreiðslu- og snyrtistofur þar sem lagt er mikill metnaður í að bjóða einungis upp á hágæða vörur.

## Vilja láta gott af sér leiða

Eigendur Bpro eru hjónin Baldur Rafn Gylfason og Sigrún Bender og við spurðum Baldur hvernig það hafi komið til að þau ákváðu að taka þátt í Mottumars í ár? „Það er líklega einfalt svar, en við trúum því að í lífinu eigi maður alltaf að gera sitt besta, ekki bara fyrir sjálfan sig heldur líka að reyna að láta gott af sér leiða. Við höfum marg oft gert það og nokkrum sinnum ansi vel. Þarna sáum við leið til að leggja Mottumars lið og kýldum á að prófa með von um að okkar frábæru samstarfsaðilar um allt land tækju þátt með okkur, annars væri þetta ekki hægt,” segir hann.

Möst vara ef þú ætlar að móta skeggið í eitthvað alvöru form Og það er vel við hæfi að kaupa mottuvax frá Beard Monkey í sjálftum Mottumars, bæði til að gera skeggið falllegt og að styðja við gott málefni að auki? „Ég hef oft sagt að það er sama hver varan er þá tekur maður bara þátt og kaupir ef maður hefur einhver tök á, hvort sem um er að ræða álfu, lyklakippur eða mottuvax. Og við erum afar stolt að segja frá því að allur ágóði af sölu á mottuvaxinu mun renna beint til Krabbameinsfélagsins. Annars er þessi vara möst ef þú ætlar að móta skeggið í eitthvað alvöru form. Það þornar fljótt þar sem það er lítið af olíum í því sem munar öllu fyrir alvöru skeggjara.”

## Með mikið úrval af góðum skeggvörum

Það þarf væntanlega fleira en gott mottuvax þegar menn fara að safna skeggi, eruð þið með meira úrval af góðum skeggvörum? „Já, við erum með mikið úrval af góðum skeggvörum frá Beard Monkey og svo erum við auðvitað með Pasta & Love herralínuna frá Davines sem margir þekkjá og elská. En það er ekki síður mikilvægt að fara til alvöru rakara sem kennir manni að viðhalda og móta til að ná fullkomna skeggini. Ég er gamall fagmaður en eftir að ég létt sjá um þetta og kenna mér er ég alltaf með spot-on skegg,” segir Baldur broandi.

## Mun klárlega sporta finu skeggi í mars

Eins og þú nefnir þá eruð með spot-on skegg, en ætlar þú að leggja metnað í að safna í eina góða mottu í Mottumars? „Ég er að sjálfsögðu alltaf vel skeggjáður, enda umkringdur bestu skeggvörum og tækjunum. Ég mun því klárlega sporta finu skeggi í mars og hver veit nema ég í hendi í mottuna,” segir hann.

Listi yfir sölustaði á bpro.is  
En hvar verður hægt að nálgast mottuvaxið og aðrar skeggvörur frá Beard Monkey? „Mottuvaxið verður auðvitað fá-



Hjónin Baldur Rafn og Sigrún Bender láta gott af sér leiða í Mottumars með sölu á á Mottuvaxinu frá Beard Monkey til stuðnings Krabbameinsfélagini



anlegt hjá Krabbameinsfélagini á krabb.is og hjá okkur á bpro.is. Það verður einnig fáanlegt á sölustaðum Beard Monkey og hjá okkar frábæru samstarfsaðilum á hároginum og snyrtistofum um allt land,” segir Baldur en listi yfir sölustaði Beard Monkey er að finna á bpro.is.

## Allur ágóði til Krabbameinsfélagsins

Og eins og kemur fram þá eruð þið að styðja við Krabbameinsfélagið með

aktív fjölskylda. Starfsfólk Ókkar er sama sinnis og við stefnum á að taka þátt í Reykjavíkurmaráponinu saman í ár.”

Þetta að fara í skoðun hjá karlmönnum er oft feimnismál, en á ekki og má ekki vera það. Ég ætla ekki að spyra þig um aldur, en það er mælt með að karlmenn og konur fari reglulega í krabbameinsskoðun. Ertu að standa þig hvað það varðar?

„Aldur er afstæður, en ég er 47 ára og er ekki feiminn við að segja það! Og já, ég fór fyrst 40 ára og hef farið oftart og í meira en oft er talað um þar sem það er saga í minni fjölskyldu eins og svo mörgum. Þetta að fara í skoðun hjá karlmönnum er oft feimnismál, en á ekki og má ekki vera það.”



„Ég mun því klárlega sporta finu skeggi í mars og hver veit nema ég hendi í mottuna

Allir hafa gaman af góðri gjöf! Og þið hvetjið að sjálfsögðu alla til að kaupa mottuvaxið frá Beard Monkey og styðja við Krabbameinsfélagið? „Auðvitað! Þó þú sért e.t.v. ekki með skegg til að leika með þá þekkirðu potþétt einhvern sem hefði gaman af góðri gjöf og það er alltaf gott að styrkja gott málefni. Við erum mjög bakklát fyrir tækifærið til að styðja við Krabbameinsfélagið eins og við höfum gert áður með Bleiku slaufunni og nú með Mottumars,” segir Baldur að lokum og við hvetjum bæjarbúa til að styðja við þetta góða málefni með kaupum á mottuvaxinu.

## Orlofsferðir húsmæðra 2024

· Sólareyjan Tenerife, 15 daga vorferð 07.-21. maí

· Frakkland, 6 dagar um Normandí og endað í heimsborginni París 07.-12. ágúst

· Vestfjarðarðarhringur, 4 daga ferð um perlur vestfjarða 22.-25. ágúst

· Tékkland, 6 daga ferð um Prag og Karlstejn. 11.-16. október

· Skotland, 5 daga aðventuferð til Edinborgar 22.-26. nóvember

· 3 Dagsferðir, til Vestmannaeyja, Blönduós og Grundarfjarðar.

Opið fyrir bókanir, ferðalýsingar og verð á heimasíðu

Húsmæðraorlofs Kópavogs á [www.orlofkop.is](http://www.orlofkop.is)

Orlofsnefndin

[www.orlofkop.is](http://www.orlofkop.is)

Orlof húsnæðra Kópavogi

[orlofkop@orlofkop.is](mailto:orlofkop@orlofkop.is)

## Innritun 6 ára barna í 1. bekk nú opin

Innritun 6 ára barna, sem fædd eru 2018, fer nú alfaríð fram í gegnum þjónustugátt á vef bæjarins.

Opnað hefur verið fyrir skráningu og stendur hún til 8. mars. Sömu daga fer fram innritun nemenda sem flytast á milli skólahverfa og þeirra sem flytja í Kópavog eða koma úr einkaskólum.

Haustið 2024 munu skólar hefjast með skólasetningu föstudaginn 23. ágúst. Nánari upplýsingar um skólabyrjun munu birtast á heimasíðum skólanna.

Athugið að umsóknir fyrir fristund og mótuneyti fyrir komandi skólaár verða auglýstar síðar í vor.



Sérstök athygli er vakin á því að umsóknarfrestur um heimild til að stunda nám í einkaskólum eða grunnskólum annarra sveitarfélaga er til 1. apríl og sækja skal um á þjónustugátt Kópavogs. Sækja þarf um að nýju fyrir nemendum, sem nú eru í slíkum skólum, ef gert er ráð fyrir að þeir verði þar næsta vetrur.



## EINSTÖK MATARUPPLIFUN

– Í HJARTA MIÐBORGARINNAR –

# Food & Fun

06.03 – 10.03



Gestakokkur er **HENRIK JYRK** sem sækir innblástur í Norræna og asíska matargerð.



KVÖLDVERÐUR Pri-fim 18-21 | Fös-lau 18-22

HAPPY HOUR  
16:00 - 18:00



FRÖKEN REYKJAVÍK | LÆKJARGATA 1 | 101 REYKJAVÍK  
FROKENRVK.IS | +354 514 5040 | BOKANIR@FROKENRVK.IS



# Velkomin á Ánglamark-daga Nettó

Allar Ánglamark-vörur með 25% appafslætti þessa daga

Ánglamark-dagar verða haldnir í fyrsta sinn 29. febrúar til 10. mars til að kynna þetta uppáhalds græna vörumerki Skandinava betur fyrir Íslendingum. Allar Ánglamark-vörur verða með 25% appslætti þessa daga.

„Við ákváðum að hafa Ánglamark-daga í ár til að vekja athygli á þessu merki en allar vörurnar frá Ánglamark eru lífrænar og umhverfisvænar,“ segir Helga Dís Jakobsdóttir, markaðs- og upplifunarstjóri Nettó. „Í Nettó fást hátt í 300 vörur frá Ánglamark.“

Matvörunar frá Ánglamark eru mjög vinsælar en Kristjana Steingrímsdóttir – Jana heilsukokkur – notar þær t.d. mikið í sína rétti. Fjölskyldufólk heldur mikið upp á barnavörunar, eins og bleyjur, blautþurrkur og kuldakrem, sem henta viðkvæmri barnahú sérstaklega vel á þessum árstíma.

## Vinsælasta græna vörumerkið

Vörunar hafa verið vinsælar á hinum Norðlöröndunum um langt skeið en neytendur í Svíþjóð hafa t.d. útnefnt Ánglamark sem grænasta vörumerkið 12 ár í röð. Norsku neytendasamtök (Forbrukerráðet) prófar gæði og virki sólarvarna og annarra efna reglulega og sólarvörnin frá Ánglamark er meðal þeirra sem hefur komið best út í síðustu fjórum prófunum.

Húðvörunar og hreinsivörunar frá Ánglamark virka vel og fara um leið vel með húðina og umhverfið. Þær eru án astma- og ofnæmisvaldandi efna, án allra litar- og ilmefna og efna sem raska hormónabúskapnum. Þær eru framleiddar úr fáum völdum innihaldsefnum og eru Svansvottaðar.

## 25% appsláttur á Ánglamark-dögum

Á Ánglamark-dögum, 29. febrúar til 10. mars, verða allar Ánglamark-vörur með 25% appslætti í öllum verslunum Nettó og á netto.is. Það þýðir að notendur Samkaupaappsins fá 25% vöruberðsins til baka sem inneign.

Ef þið notið appið ekki nú þegar er kjörið tækifæri að sækja það í App Store eða Google Play og taka þátt í Ánglamark-dögum. Notendur safna ekki aðeins inneign með auglýstum appsláttum heldur fá þeir 2% af andvirið allra vara í hvert skipti sem þeir versla í Nettó eða örðum verslunum Samkaupa til baka sem inneign.



## Möndlumjólkini í uppáhaldi og svo miklu fleira

Hverjar ætti uppáhalds vörur Helgu Disar séu? „Möndlumjólkini – mér finnst þetta besta möndlumjólkini – og svo elska ég sápurnar, sturtusápuna til dæmis, af því að ég er svona exemplesi. Ég hef líka notað kuldakremið síðustu daga af því að ég er með exemhúð. Ég hef sett það á mig áður en ég fer í sund og út að labba með hundinn og guð minn góður! Ég finn svo mikinn mun! Svo elska ég perurnar. Ánglamark lífrænu perurnar. Og granólað, líka,“ segir hún og gæti greinilega haldið lengi áfram.

Helga Dís hvetur lesendur til að koma í Nettó, kynna sér úrvalið af Ánglamark-vörum, uppgötvu sínar uppáhalds vörur og segja frá þeim. „Verið velkomin á Ánglamark-daga!“

## Zatar-grillað grasker með jógúrt-sósu og grilluðum kasjúhnetum

Uppskrift frá Jönu heilsukokki. Í uppskriftina notar hún hráefni frá Ánglamark.

- 1 grasker (butternut squash)
- 3 msk. ólfuolia
- 1 msk. zatar (kryddblanda)
- Salt, pipar og chili flögur
- 1/3 bolli granateplafræ
- 1/3 bolli dödlur, skornar í líttla bita
- 10 g fersk steinselja, söxuð
- 10 g fersk kóriander, saxað

Skerið graskerið í teninga (ég hef hýðið á en þvæ það vel og fræhreinsa). Penslið með olíu, kryddið og grillið í 200°C heitum ofni í u.p.b. 20–25 mín.

## Grillaðar kasjúhnetur með nigella-fræjum og karrí

• ½ bolli kasjúhnetur  
• ½ msk. ólfuolia



Helga Dís Jakobsdóttir markaðs- og upplifunarstjóri Nettó segir vörurnar frá Ánglamark lífrænar og umhverfisvænar

- 1 tsk. karri
- 1 tsk. nigella-fræ

Setjið allt í skál og hrærið. Setjið síðan í 180°C heitan ofn í u.p.b. 5 mín. (passið að hneturnar brenni ekki). Það er frábært að gera stærri skammt og eiga út á salöt.

## Jógúrtsósa

- ½ bolli grísk jógúrt
- 1 litló hvítlaufsris
- 2 tsk. zatar-kryddblanda
- 1 tsk. hlynsíróp
- Safi úr ½ sítrónu
- Salt og pipar

Allt sett í skál og hrært saman.

Setjið graskerið í fallega skál, hellið svolítilli jógúrtsósu yfir og stráið síðan kasjúhnetunum, granateplafræjunum, döllum og kryddjurtunum yfir. Frábært eitt og sér eða sem meðlæti með flestum mat.



Matvörunar frá Ánglamark eru mjög vinsælar og m.a. hefur Jana heilsukokkur notað þær til dæmis mikið í sína rétti. Á síðunni má finna uppskrift frá Jönu þar sem hún notar hráefni frá Ánglamark

## MEIRAPRÓF ALLIR RÉTTINDAFLOKKAR

## FJARKENNSLA



3 HELGAR



2 HELGAR

## MEIRAPRÓF Í FJARFUNDI HEFST 21. MARS

### VERKLEG KENNSLA

SKRÁNING HAFIN OG Á GAMLA VERÐINU

Í REYKJAVÍK, AKUREYRI, OG Á SAUÐÁRKRÓKI

**AKTÚ ÖKUSKÓLI**  
Skráning á aktu.is

# Gerpla með tvöfaldan sigur í frjálsum æfingum á bikarmóti FSÍ

Um sl. helgi fór fram bikarmót FSÍ í áhaldafimleikum í umsjón Fjölnis.

Gerpla sendi fjögur lið til leiks í frjálsum æfingum karla og kvenna, en

7 lið í þrepum. Gerplukeppendur mættu einbeittir til leiks og uppskáru heldur betur eftir protlausar æfingar síðustu mánuði.

Gerpla 1 í karlaflokki urðu bikarmeistarar með yfirburðum en Gerpla 2 varð í 3. sæti. Kvennalið Gerpla 1 sigrarði kvennakeppnina með yfirburðum með glæsilegum æfingum sínum. Gerpla 2 endaði svo í 4. sæti.

Gerpla 1 karla skipaði, Martin Bjarni Guðmundsson, Ágúst Ingi Davíðsson, Atli Snær Valgeirsson, Valdimar Matthiasson og Sigurður Ari Stefánsson

Gerpla 2 karla skipaði, Arnþór Daði Jónasson, Botond Ferenc Kováts, Kári Pálmann, Ragnar Órn Ingimarsson og Snorri



Rafn William Davíðsson, Atli Elvarsson og varamaður/gestur Andri Fannar Hreggvíðsson.

Gerpla 1 kvenna, Hildur Maja Guðmundsdóttir, Thelma Aðalsteinsdóttir, Lilja Katrín Gunnarsdóttir, Kristjana Ósk Ólfsdóttir og

Rakel Sara Pétursdóttir og varamaður/gestur Agnes Suto.

Gerpla 2 kvenna, Berglind Edda Birkis-dóttir, Hekla Hákonardóttir, Ísabella Maack Róbertsdóttir, Elfa María Reynisdóttir og Margrét Dóra Ragnarsdóttir.



# VIÐ ERUM STOLTUR STYRKTARAÐILI MOTTUMARS



Allur ágóði af sölunni á Mottuvaxinu frá Beard Monkey  
rennur óskiptur til Krabbameinsfélagsins. Þú finnur  
lista yfir sölustaði um land allt á [bpro.is](http://bpro.is)

# MEKÓ

Bókasafn Kópavogs  
Gerðarsafn  
Náttúrufræðistofa  
Salurinn

## DAGSKRÁ MARS 2024

### Menning á miðvikudögum kl. 12:15

6/3  
**Leslyndi | eftirlætisbækur**  
Bragi Ólafsson



13/3  
**Hvað er grænþvottur?**  
Birgitta Stefánsdóttir



20/3  
**Hvað er náttúrvársérfræðingur?**  
Sigríður Kristjánsdóttir



27/3  
**Venjulegar myndir**  
Sýningarleiðsögn



### Fjölskyldustundir á laugardögum kl. 13:00

2/3  
**Ævintýralandið**  
Fjölskyldustund á Lindasafni



9/3  
**Together**  
Pólsk fjöltyngd listsmiðja



16/3  
**Við eru vinkonur þrjár**  
Fjölskyldudjass á Lindasafni



23/3  
**Páskaeggjalitun með ÞYKJÓ**  
Fjölskyldusmiðja



### Sýningar

**GERÐUR grunnsýning**  
opið daglega kl. 12-18

**13/1-31/3**  
**Venjulegir staðir**  
opið daglega kl. 12-18

**10/2-31/3**  
**Venjulegar myndir**  
opið daglega kl. 12-18

### Foreldramorgnar á fimmtudögum kl. 10:00

7/3  
**Lestur og þroski ungra barna**  
Ingibjörg Pálmaðóttir



14/3  
**Foreldramorgunn í Gerðarsafni**



21/3  
**Ungbarnanudd**  
Eyrún Björk Svansdóttir



### Annað á dagskrá

9/3 11:00-15:00  
**Hvernig á að skrifa glæpasögu?**  
Lilja Sigurðardóttir  
Skráning er nauðsynleg

21/3 12:15  
**Hádegisdjass FÍH**

Alla miðvikudaga kl. 15-17  
**List og náttúra**  
Fjölskyldusmiðjur í samstarfi við Náttúrufræðistofu

7/3 20:30  
**Af fingrum fram**  
Eyþór Ingi

9/3 20:00  
**Himinn og jörð**  
Perlur Gunnars Þórðarson

17/3 12:30  
**SUNDUR (& Saman)**

20/3 20:00  
**Joni Mitchell**

21/3 20:30  
**Af fingrum fram**  
Kristjana Stefáns

24/3 13:30  
**Klassík í Salnum**  
Vor og regn

**Hannyrðaklúbburinn Garn og gaman** - alla þriðjudaga kl. 10:00-12:00  
**Hannyrðaklúbburinn Kaðlín** - alla miðvikudaga kl. 14:00-16:00  
**Bókmenntaklúbburinn Hananú** - annan hvern miðvikudag kl. 16:00-17:30  
**Lesið á milli línnanna** - fyrsta fimmtudag í mánuði kl. 15:00-16:30  
**Hugleiðsla** - alla föstudaga kl. 13:00-13:30  
**Tala og spila: íslenska sem annað mál** - alla laugardaga kl. 11:00-12:30 til og með 16. mars  
**Lesið fyrir hunda** - fyrsta laugardag í mánuði kl. 11:30-12:30

### Afgreiðslutímar menningarhúsanna um páskana

#### Bókasafn Kópavogs aðalsafn

- 28/3 kl. 11-17  
29/3 Lokað  
30/3 kl. 11-17  
31/3-1/4 Lokað

#### Bókasafn Kópavogs Lindasafn

- 28/3-1/4 Lokað

#### Gerðarsafn

- 28/3 kl. 12-18  
29/3 Lokað  
30/3 kl. 12-18  
31/3-1/4 Lokað